

## **Viðbragðsáætlun vegna eineltis #**

Skólinn starfar eftir Olweusaráætluninni gegn einelti þar sem unnið er að lausn eineltismála eftir ákveðnu ferli. Áætlunin er kennd við Dan Olweus, einn fremsta sérfræðing í einelti.

### **Yfirlýsing: #**

Einelti, í hvaða mynd sem það er, líðst ekki í Grunnskólanum á Ísafirði. Allra leiða verður leitað til að fyrirbyggja einelti og til að leysa þau mál sem upp koma. Öllum a að líða vel í skólanum. Þannig tryggjum við farsælt og árangursríkt skólastarf.

### **Skilgreining á einelti: #**

Einelti er neikvætt og illgirnislegt atferli sem felur í sér endurtekið áreiti og/eða ofbeldi, líkamlegt eða andlegt. Andlegt ofbeldi felst m.a. í stríðni, útilokun, hótunum, höfnun. Einnig þegar einhver segir ósatt eða dreifir upplognum rógi um hann/hana eða sendir kvikindislega miða, sms eða skilaboð á netinu og reynir að fá aðra nemendur til að kunna illa við hann/hana Líkamlegt einelti getur verið barsmíðar, spörk, hrindingar eða meiðingar af öðru tagi. Eineltinu er stýrt af einstaklingi eða hópi, beinist að öðrum og stendur í nokkurn tíma. Slík samskipti einkennast af ójafnvægi aflsmunar eða annars valds.

Fleiri upplýsingar er að finna á heimsíðu Heimilis og skóla <http://www.heimiliogskoli.is>

### **Úrvinnsla: #**

Ef grunur vaknar um að einelti sé í gangi skal umsjónarkennari þolanda hefja úrvinnslu.

### **Einstaklingsviðtöl við þolanda (og forráðamenn) #**

1. Umsjónarkennari ræðir einslega við nemandann á rólegum stað
2. Aðrir nemendur eiga ekki að hafa vitneskju um þetta viðtal
3. Umsjónarkennari biður þolanda (og forráðamenn) um allar staðreyndir (hverjir, hvar, hve oft, hve lengi)
4. Þolandi fær allar upplýsingar um það hvað umsjónarkennari hyggst gera til að ná því markmiði, þ.e. til að tryggja að nú verði bundinn endir á eineltið
5. Umsjónarkennari segir þolanda að ekki séu gefnar upplýsingar um að hann hafi sagt frá (og umsjónarkennari má ekki brjóta þann trúnað)
6. Umsjónarkennari biður þolanda (og forráðamenn) um að segja umsvifalaust frá öllum nýjum tilraunum til eineltis

7. Umsjónarkennari kemur á ákveðnu samskiptaformi á milli forráðamanna og umsjónarkennara um gang mála meðan unnið er með eineltið

8. Leysist málið ekki með þessum aðgerðum vísar umsjónarkennari málinu inn í nemendaverndarráð

9. Nemendaverndarráð tekur málið upp

### **Einstaklingsviðtöl við gerendur #**

1. Umsjónarkennari sem nú hefur vitneskju um hver/hverjir eru gerandi/gerendur ræðir við hann/þá í einrúmi ásamt foreldrum

2. Þurft getur (mat umsjónarkennara) að hafa einhvern fullorðinn með (t.d. námsráðgjafa eða deildarstjóra) sérstaklega ef búist er við því að hann/þeir verði erfiðir

3. Umsjónarkennari ætti að ræða við þann sem er leiðtogi í eineltinu (þannig er það oftast að e-r er leiðtoginn) fyrst og síðan koll af kolli. Hafa skal sem allra stystan tíma milli viðtala

4. Umsjónarkennari gerir geranda/gerendum það ljóst að einelti er ekki liðið í skólanum og fer með honum/þeim yfir reglur skólans gegn einelti

5. Umsjónarkennari segir að margir héðan og þaðan hafi sagt frá því að þolandi verði fyrir áreitni. Gott að vera með sögur um þetta ákveðna einelti til staðfestingar


6. Umsjónarkennari veit hvort þolandi er auðmjúkur og hlutlaus og engan veginn ögrandi eða hvort hann er ögrandi, „pirrandi" því sé hann „pirrandi" þá hvetur umsjónarkennari geranda/gerendur til að snúa sér til umsjónarkennara ef þolandi lætur hann/þá ekki í friði

7. Leysist málið ekki með þessum aðgerðum vísar umsjónarkennari málinu til nemendaverndarráðs

8. Nemendaverndarráð tekur málið upp

Það MIKILVÆGASTA í viðtali við gerendur er:

- Að sýna gerendum fram á að staða málsins sé þekkt
  - Boðskapurinn um að það eigi að hætta eineltinu er settur fram af alvöru og ákveðni
  - Gerendum er sagt frá því að fylgst verði með frekari þróun málsins
  - Gerendum sagt að það hafi neikvæðar afleiðingar í för með sér ef eineltið hættir ekki strax
- Sjá nánar á meðfylgjandi myndum.



Einelti?

**Ósýnilegt**

(andlegt) einelti, útilokun  
o.s.frv.

**Sýnilegt**

(líkamlegt) einelti).

Árás – slagsmál –  
líkamlegt ofbeldi.  
Gripið inn í strax,  
umsjk. hefur  
samb. við  
foreldra

Umsjónarkennari látinn vita (ef  
grunurinn vaknar hjá öðrum) og hann  
ber ábyrgð á að halda áfram – ber  
skylda til að hlusta á allra ábendingar

Umsjónarkennari fylgist með, spyrst  
fyrir, lætur samstarfsmenn vita  
(sérgreinak., skólaliða, íþrhús). Skráning  
ef þurfa þykir.

E.t.v. viðtöl við einstakl. og forráðam.

**Ekki einelti.** Máli  
lokið.

**Einelti.**  
Sjá framhalds-blað

